

Umsögn um athugasemdir sem bárust á kynningartíma um áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ

Skv. 3. mgr. 36. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013

Í janúar 2019 fór Garðabær þess á leit við Umhverfisstofnun að hefja undirbúning friðlýsingar Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samráði við Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa sem er landeigandi. Í kjölfarið hófst vinnsla málsins með skipun samstarfshóps sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar. Hópin skipa fulltrúar frá Garðabæ, Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa og Umhverfisstofnun.

Þann 2. október 2020 voru áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga og veittur frestur til 4. desember 2020 til að skila athugasemdum. Auglýsingin var birt í Lögbirtingablaði og á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem og í Fréttablaðinu og á facebooksíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt var sent erindi til samráðs- og hagsmunaaðila þar sem athygli var vakin á áformunum, hvar þau voru að finna og hvernig væri hægt að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum.

Alls bárust tólf erindi á kynningartíma.

Samstarfshópur um undirbúning friðlýsingarinnar fjallaði um athugasemdirnar og viðbrögð við þeim á fundi þann 14. janúar 2021. Í kjölfarið fór málið í bið hjá Umhverfisstofnun, m.a. vegna hönnunar- og skipulagsmála fyrir svæðið.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum Umhverfisstofnunar við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma áformanna.

Áform um uppbyggingu golfbrauta og friðlýsing svæðisins sem fólkvangs

Í erindi Náttúruverndarsamtaka Íslands kemur fram að samtökin fagni tillögu um friðlýsingu svæðisins. Samtökin benda á að Garðabær hefur kynnt breytingar á skipulagi þess hluta svæðisins sem er í einkaeigu sem fela í sér að hraunið frá Selgjá og niður að Maríuhellum fari undir golfvöll. Samtökin telja þessi áform ganga gegn friðlýsingu svæðisins og muni spilla því fyrir þeim sem vilja nýta það til alls kyns útivistar ásamt Maríuhellum, Vífilsstaðahlíð og Búrfellsgjá. Slík spjöll á einstöku hrauni innan borgarmarka verði varanleg og munu takmarka hefðbundin not almennings af svæðinu. Um hraunið liggja hinn svokallaði Hraunstígur frá Maríuhellum í átt að Búrfellsgjá um einstaklega fallett apalhraun og er vinsæl leið meðal göngufólks, hlaupara og hjólríðafólks. Slíkar leiðir eru vandfundnar í þéttbýli en skv. tillögum um breytt skipulag mun helgunarsvæði golfvallarins takmarka útivistargildi svæðisins. Samtökin vísa til skýrslu Garðabæjar og Oddfellowa um deiliskipulagsbreytingar sem ganga gegn friðlýsingu svæðisins sem ætti að vera friðað skv. 61. grein laga um náttúruvernd.

Jafnframt telja samtökin tíma til kominn til að friðlýsa Búrfellshraun í heild sinni.

Náttúruverndarsamtökin vísa til 53. gr. um fólkvanga og 48. gr. um náttúruvætti náttúruverndarlaga og telja þessi ákvæði í beinni mótsögn við stækkun golfvallar inn í hraunið og fyrirhugaðan fólkvang í nágrenni náttúruvætta. Telja samtökin nauðsynlegt að móta heildstæða stefnu fyrir Heiðmörk og græna kragann sem umlykur höfuðborgarsvæðið og nærir alla borgarbúa jafnt. Náttúruverndarsamtök Íslands vænta þess að Umhverfisstofnun kanni til hlítar kosti þess að friðlýsa umrætt svæði í núverandi mynd og taka þannig fyrir byggingu golfvallar á fólkvangi Urriðakotshraun.

Í erindi Landverndar kemur fram að áformum um friðlýsingu svæðisins er fagnað. Það vakti eftirtekt Landverndar að Urriðakotshraun var ekki hluti af friðlýsingu Búrfellshrauns eins og eðlilegt hefði verið með hliðsjón af landfræðilegri legu og að engar skýringar hafi komið fram um þá ákvörðun. Landvernd segir það nú koma í ljós að Garðabær fyrirhugar að heimila byggingu golfvallar í hrauninu samfara friðlýsingu. Það vekur spurningar um hvort misskilningur sé á ferðinni hjá bæjarstjórn Garðabæjar um að verndarákvæði fólkvangs séu veik þannig að þau nái ekki þeim tilgangi að vernda Urriðakotshraun fyrir skemmdum. Urriðakotshraun nýtur verndar náttúruverndarlaga og er hverfisverndað. Verndun sem fólkvangur dregur ekki úr heldur eykur hana. Til þess að taka af allan vafa mætti og ætti að friðlýsa Urriðakotshraun sem náttúruvætti eins og Búrfellshraun og Selgjá.

Landvernd vísar í kynningu um áform svæðisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar og bendir á að lýsingin á svæðinu sé ekki í samræmi við það kort sem birt er á heimasíðunni. Stjórn Landverndar telur mikilvægt að allar forsendur fyrir friðlýsingu séu skýrar. Af auglýstu deiliskipulagi Garðabæjar er ljóst að gert er ráð fyrir golfbrautum í Urriðakotshrauni. Það er mat stjórnar Landverndar að þetta sé ekki ásættanlegt, flokkast sem alvarleg náttúruspjöll ef af yrði og andstætt markmiðum boðaðar friðlýsingar. Það er mat stjórnar Landverndar að röskun hraunsins, sama hvort það verður friðlýst sem fólkvangur eða ekki, sé brot á náttúruverndarlögum. Landvernd hvetur Garðabæ til þess að virða markmið friðlýsingar sem er m.a. verndun jarðminja og Umhverfisstofnun til að kynna mjög vel forsendur friðlýsingar þannig að enginn vafi leiki á því hvernig á að nýta svæðið. Telur Landvernd það ekki kunna góðri lukku að stýra að friðlýsing svæðis og eyðilegging á náttúruverðmætum þess fylgist að. Landverndar vísar einnig í umsögn sína um deiliskipulag Garðabæjar frá 9. nóvember 2020.

Í erindi Erlu G. kemur fram að hún fagni friðlýsingu svæðisins. Vísar hún til þess að til kynningar sé í skipulagi Garðabæjar breytingar á svæðinu sem gefi til kynna að annað sé uppi á teningnum. Landeigandi vill stækka golfvöllinn enn frekar og breyta skipulagi svæðisins þannig að hraunið frá Selgjá og niður að Maríuhellum sé opið til golfvallarstækkunar. Telur hún þetta vera áfall fyrir marga íbúa höfuðborgarsvæðisins sem nýta hraunið til alls kyns útivistar fjarri núverandi golfvelli ásamt Maríuhellum, Vífilsstaðahlíð og

Búrfellsgjá og vilji stuðla að náttúruvernd á svæðinu. Slík náttúruspjöll á einstöku hrauni innan borgarmarka séu óafturkræf og afurðin sé svo sannarlega ekki til þess að tryggja almenningi aðgengi að þessu magnaða svæði á sama hátt og áður. Þar að auki liggur um hraunið hinn svokallaði Hraunstígur frá Maríuhellum og upp í átt að Búrfellsgjá um einstaklega fallegt apalhraun og er vinsæl leið meðal göngufólks, hlaupara og hjólréiðafólks. Slík gönguleið er vandfundin á landinu innan borgar/bæjarmarka og má jafnvel teljast einstök á heimsvísu en tilheyrir nú skv. skipulagstillögum helgunarsvæði golfvallarins. Erla telur það ekki geta talist í þágu náttúruverndar. Heiðmörk verði að vera opin öllum til útivistar, og verndun hennar er mikilvæg bæði lýðheilsu og til að vernda þá æ dýrmætari náttúru sem eftir er í borgarlandinu. Þetta sé auðlind til náttúru- og mannverndar sem margar borgir um allan heim njóta ekki á sama hátt og íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt telur hún það vera á margan hátt erfiðasta náttúruverndin að vernda útjaðra borgar en á sama tíma ein sú mikilvægasta til mannverndar.

Erla G. vísar í skýrslu Garðabæjar og Oddfellowa um deiliskipulagsbreytingar fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum og telur skipulagsbreytingarnar vera ákveðin mótsögn við friðlýsingu svæðisins og vera röskun hrauns sem ætti að vera friðað skv. 61. grein laga um náttúruvernd. Jafnframt segir hún kominn tími til þess að raunverulega friða Búrfellshraunið í heild sinni sem er nú þegar bútafriðað sem ýmist náttúruvætti (Búrfellsgjá, Búrfell og Selgjá) eða fólkvangur (Maríuhellar, Vífilsstaðahraun og Garðahraun). Hún vísar til 53. gr. um fólkvanga og 48. gr. um náttúruvætti náttúruverndarlaga og telur þessi ákvæði í beinni mótsögn við stækkun golfvallar inn í hraunið og fyrirhugaðan fólkvang í nágrenni náttúruvætta. Hún telur nauðsynlegt að móta heildstæða stefnu fyrir Heiðmörk og græna kragann sem umlykur höfuðborgarsvæðið og nærir alla borgarbúa jafnt og að vonandi átti Umhverfisstofnun sig á alvarleika málsins og tekur þessi sjónarmið til greina þegar landeigendur leggja inn beiðni til uppbyggingar golfvallar á fólkvangi Urriðakotshrauns.

Í erindi Erlu B. kemur fram að hún fagni áformum um friðlýsingu þó ætlunin sé einungis verndun sem fólkvangur í stað náttúruvættis sem Búrfell og gjárnar hafa fengið. Hún spyr hvort þessi mismunur á friðlýsingarskilmálum sé til að opna fyrir röskun á Urriðakotshrauni. Hún vísar í lýsingu í tillögu að deiliskipulagi Urriðavatnsdala þar sem fjallað er um að stækkun golfvallar og tekið fram að ráðgert sé að hluti nýrra brauta fari inn á svokallaðan hraunflata í Urriðakotshrauni og verði innan marka fyrirhugaðs fólkvangs. Þessar hraunflatir eru ómetanlegt náttúruvættir þ.e. „hrauntröð“ Búrfellshrauns. Hún mótmælir þeirri áætlun landeigenda og Garðabæjar að hrauntröðin í Urriðakotshrauni falli innan golfvallar með tilheyrandi áformum um stækkun golfvallar Odds í Urriðavatnsdölum. Hún telur að Urriðakotshraun fái friðlýsingu sem fólkvangur með golfbrautum vera rangnefni á hugtakinu, enda svæðið ekki lengur fyrir útivist almennings eftir lagningu golfbrauta í hraunið.

Í erindi Kristínar og Auðar kemur fram að þær fagni áformum um friðlýsingu Urriðakotshrauns. Þær gera þó alvarlegar athugasemdir við fyrirkomulag friðlýsingarinnar og telja alls ekki nógu langt gengið til að verja það sem eftir stendur af einstöku apalhrauni í byggð á heimsvísu. Hraunið frá Búrfellsgjá til sjávar sé töluvert raskað, enda liggur það að hluta í gegnum sjálft höfuðborgarsvæðið. Þær vísa í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem er bent á að ef mið sé tekið af þeirri röskun sem þegar er orðin sé enn mikilvægara að friða allt hraunið fyrir frekari ágangi og mannvirkjagerð. Þær telja að fólkvangsfriðlýsingin veiti svæðinu alls ekki nægilega vernd en sé fremur leyfisveiting fyrir mannvirkjaáformum sveitarfélags og eigenda. Þær segja það í raun afar mótsagnakennt og í hróplegu ósamræmi að Umhverfisstofnun standi að grænpotti með lágmarks fólksvangsfriðlýsingu fyrir náttúru og almannaeill á sama tíma og stofnunin blessar deiliskipulagsbreytingar sveitarfélags og eigenda sem fela í sér golfvallargerð í Urriðakotshrauni í þágu afmarkaðs hagsmunahóps sem nýtur hluta úr ári. Þau áform eru í þeirra huga stórfelldar og óafturkræfar skemmdir á dýrmætri og einstakri náttúruverlu. Þær segja jafnframt að um leið og Garðabær og Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa fái Umhverfisstofnun til að lágmarks friðlýsa fólkvanginn séu uppi stórtæk áform um golfvallarstækkun Oddfellowa inn í Urriðakotshraunið ofan við Maríuhella og í átt að Selgjárhellum. Þar helgi golfvöllurinn sér svæði samkvæmt breytingartillögum. Segja þær að golfvallaráformin byggji ekki á framtíðarsýn íbúa, hvorki Garðabæinga né höfuðborgarbúa almennt, heldur á framtíðarsýn Oddfellow-reglunnar, frá árinu 2007. Einstök og víðáttumikil apalhraunbreiða og fagrir skógarlundir séu þarna fyrir almenning að njóta og að vissulega hafi þær notið þess lengi óáreittar. Þær telja jafnframt að þarna ætti að vera metnaðarfullt göngustigakerfi með náttúruvernd að leiðarljósi á vegum allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Þær telja að með fyrirhuguðum golfsvæðisstækkunum skerðist dýrmætt og einstakt apalhraun, anddyri Heiðmerkur við túnfót höfuðborgar, hraunsvæði sem ætti miklu heldur að vernda og viðhalda í þágu almennings. Þær vísa í tillögu að deiliskipulagsbreytingum fyrir Urriðakotshraun þar sem þær segja að vitnað sé í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá 2016 jafnvel sem einhvers konar leyfisbréfs fyrir stækkun golfvallar og röskun hrauns og skógar. Þær segja það mat vera langt frá því að vera leyfisbréf til að raska Búrfellshrauni frekar en orðið er. Þær taka fram að þar segir að besti kosturinn sé að friða hraunið í heild sinni og að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar segi orðrétt: „Lega Búrfellshrauns innan höfuðborgarsvæðisins gefur því aukið fræðslu- og útivistargildi. Stórum hluta hraunsins hefur þó verið raskað með byggingum og vegagerð. Það er því enn brýnna að varðveita það sem eftir er.“ Og svo segi líka: „Helstu ógnir sem rýrt geta verndargildi hraunsins eru vegagerð, þéttbýli, ágengar tegundir og skógrækt, reiðleiðir, útivistarstígar og golfbrautir.“ Þá segir enn fremur í þessari skýrslu: „Æskilegast er að hraun séu varðveitt í heild sinni.“ Og líka „tilgangur slíkrar verndunar (Urriðavatnsdala) skal miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli.“ Þær telja að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar gæti ósamræmis þegar helstu ógnir eru taldar upp.

Þar séu göngustígar lagðir að jöfnu við vegagerð, golfbrautir og reiðleiðir. Því mótmæla þær. Útivistarstígar séu upplifunarleiðir, nýttir í þjóðgörðum hér og um víða veröld á friðlýstum svæðum, til að hlífa náttúru en bjóða þá velkomna sem vilja upplifa án þess að valda skaða. Að auki sé ekki hægt að tala um skógrækt sem ógn á útivistarsvæði Græna kragans. Það sé að minnsta kosti umdeilt. Þær telja það vera hörmulegan gjörning að ryðja þessum einstöku hraunmyndunum og raska fyrir golfgrín handa lokuðum meðlimaklúbbi. Blettafriðun í þágu framkvæmdaaflanna verði að fara að heyra sögunni til. Það þurfi að taka miklu lengra og stærra samtal um Græna trefilinn og Heiðmerkurlandið fyrir fjöldann. Á ofangreindum forsendum byggja þær þá kröfu að gripið verði til sterkari friðlýsingar fyrir Urriðakotshraun og horft til alls Búrfellshrauns en ekki bletta og búta.

Svar Umhverfisstofnunar

Varðandi þær athugasemdir um að áform um uppbyggingu golfbrauta og friðlýsing svæðisins sem fólkvangs fari ekki saman og að slíkt muni takmarka aðgengi almennings að svæðinu til útivistar og spilla hrauninu þá bendir Umhverfisstofnun á að ákvæði 52. gr. náttúruverndarlaga um fólkvanga kveða á um að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitni Umhverfisstofnunar sé heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Jafnframt segir að verndun svæðisins skuli miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög. Urriðakotshraun er hverfisverndað skv. aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og þar segir að vernda skuli náttúrulega gróðurþekju hraunsins, mosa og lynggróður og að óheimilt sé að rækta í því landi án leyfis bæjaryfirvalda. Þar vaxi barrviður sem gróðursettur var frá 1950-1952. Ef það sé í samræmi við friðlýsingarreglur fyrirhugaðs fólkvangs þá sé mögulegt að leggja golfbrautir um lægð í hrauninu (Flatahraun) næst golfvelli enda raski þær ekki hraunmyndunum né dragi úr verndargildi hraunsins. Á grundvelli framangreinds er unnið að undirbúningi friðlýsingar Urriðakotshrauns sem fólkvangs.

Forsaga málsins er sú að þann 30. maí 2016 sendi Garðabær Umhverfisstofnun fyrirspurn um það hvort svæði sem helguð eru útivistaríþróttum s.s. skíðum og golfi, geti skv. löggjöf rúmast innan fólkvanga og þá hvaða sjónarmið gildi um slíkt. Í svari Umhverfisstofnunar til Garðabæjar þann 30. júní sama ár segir:

„Á Íslandi er almennt miðað við að fólkvangar séu útivistarsvæði. Í flestum tilvikum eru svæðin skipulögð með þeim hætti að almenningi er auðveldað aðgengi að svæðunum, t.d. með lagningu gönguleiða, auk fræðslu. Einnig er dæmi um að skíðasvæði sé innan fólkvangs, en skíðabrekkur og hluti gönguskiðasvæðis í Bláfjöllum er innan Bláfjallafólkvangs. Það er því ljóst að samkvæmt núgildandi löggjöf geta svæði sem helguð eru útivistaríþróttum

vel rúmast innan friðlýstra fólkvanga. Komi slíkt til greina við undirbúning að friðlýsingu fólkvangs þarf þó að hafa í huga að verndargildi svæðisins sé ekki ógnað, t.d. með framkvæmdum sem fylgir verulegt rask. Sé það raunin mun Umhverfisstofnun ekki mæla með því að svæðið sé friðlýst sem fólkvangur, heldur að aðrar leiðir til verndunar verði nýttar, s.s. hverfisvernd. Einnig þarf að hafa í huga að ef ætlunin er að hvetja til fleiri en einnar gerðar útivistar, s.s. með gerð golfvallar og gönguleiða, þarf að hafa í huga við hönnun svæðisins að hagsmunir þeirra hópa sem stunda mismunandi útivist rekist ekki á.

Það er því ljóst að svæði sem helguð eru útivistarípróttum, s.s. skíðum og golfi, geta samkvæmt núgildandi löggjöf rúmast innan fólkvanga, en Umhverfisstofnun telur þó að nauðsynlegt sé að meta í hverju tilviki fyrir sig hvers konar verndun er heppileg á svæðum sem þessum.“

Landeigandi óskaði eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands haustið 2016 að stofnunin mæti verndargildi náttúruminja í Urriðavatnsdölum í ljósi nýrra laga um náttúruvernd og hugmynda um landnotkun, vernd svæðisins og benda á með hvaða hætti mögulegt væri að laga fyrirbyggjandi hugmyndir um landnotkun að náttúruminum í Urriðavatnsdölum svo þær megi vernda til framtíðar. [Svar Náttúrufræðistofnun Íslands](#) barst í desember 2016. Þar kemur m.a. fram að gamlir trjálundir séu m.a. í lægð í þeim hluta Urriðakotshrauns sem nefnist Flatahraun, þar sem golfbrautir eru fyrirhugaðar. Þar sem trén eru hvað þéttust og birta nær illa niður til jarðar hefur botngróðurinn breyst og er orðinn grösugri. Jafnframt kemur fram að stafafura sé farin að dreifa sér í nokkrum mæli á svæðinu og fundust við könnun stofnunarinnar víða smáar sjálfsánar plöntur, t.d. í og við Flatahraun og á svæðinu sunnan golfvallar. Einnig fundust sjálfsánar greniplöntur þó þær væru í minna mæli. Einnig kemur fram í skýrslunni að lega Búrfellshrauns innan höfuðborgarsvæðisins gefi því aukið fræðslu- og útivistargildi. Stórum hlutum hraunsins hafi þó þegar verið raskað með byggingum og vegagerð. Það sé því enn brýnna að varðveita það sem eftir er. Þá bendir Náttúrufræðistofnun á að sá hluti hraunsins sem kallast Flatahraun henti að ýmsu leyti fyrir golfbrautir. Þarna sé flatt helluhraun sem er svo til algróið og þar vaxi nú þegar tegundir plantna sem geta með aukinni útbreiðslu ógnað ásýnd hraunsins.

Í kjölfar útgáfu skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands vann Styrktar- og líknarsjóður drög að nýrri tillögu um nýtingu svæðisins og voru þær kynntar Náttúrufræðistofnun Íslands í febrúar 2017 og óskaði eftir rýni stofnunarinnar á tillögunum. [Mat Náttúrufræðistofnunar Íslands](#) á drögum að nýrri tillögu var að stofnunin telur að þau hafi mun minni áhrif á náttúruminjar með verndargildi á svæðinu en fyrri hugmyndir þar sem að horfið var frá hugmyndum um golfbrautir á úfnu hrauni og þéttleiki brauta í Flatahrauni var minnkaður. Stofnunin metur það svo að vel sé hægt að hafa golfvöll innan fólkvangs ef aðstæður leyfa og ef þess er gætt að uppbygging hans raski ekki þeim náttúru- eða menningarminjum sem er verið að vernda og gera svæði æskileg til náttúruskoðunar.

Líkt og að framan greinir fór Garðabær þess á leit við Umhverfisstofnun, í janúar 2019, að hefja undirbúning friðlýsingar Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samstarfi við Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, sem er landeigandi, líkt og ákvæði 52. gr. náttúruverndarlaga og aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 kveða á um. Í kjölfarið hófst undirbúningur friðlýsingarinnar. Þar sem landeigendur höfðu hug á að leggja golfbrautir innan fyrirhugaðs fólkvangs og að útfærsla hönnunar golfbrauta innan svæðisins lá ekki fyrir óskaði Umhverfisstofnun eftir henni við landeigendur svo unnt væri að áhrifameta fyrirhugaða uppbyggingu innan svæðisins og meta hvort slík uppbygging geti samræmst markmiðum með friðlýsingu fólkvangs. Landeigendur hófu vinnu við deiliskipulag svæðisins þannig að friðlýsing og deiliskipulag svæðisins verði unnið samhliða og þar með mótuð sameiginleg framtíðarsýn Garðabæjar, landeiganda og Umhverfisstofnunar um svæðið. Landeigendur sendu tillögu að uppbyggingu golfbrauta á svæðinu á umhverfisnefnd og skipulagsnefnd Garðabæjar. Þann 20. apríl 2020 óskaði skipulagsnefnd Garðabæjar eftir umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðakotshrauni. Í umsögn Umhverfisstofnunar til skipulagsnefndar Garðabæjar þann 22. maí 2020 segir m.a.:

Umhverfisstofnun telur að sú tillaga að uppbyggingu golfvallar sem hér um ræðir í Urriðakotshrauni bendi til óverulegrar röskunar á hrauninu og geti fallið undir starfsemi fólkvangs sé þess gætt að aðgengi almennings um svæðið sé ekki skert og að hrauninu verði sem minnst raskað.

Í ljósi ofangreinds telur Umhverfisstofnun að friðlýsing svæðisins sem fólkvangs tryggi vernd óraskaðs hrauns Urriðakotshrauns og náttúrulegs gróðurfars þess og að aðgengi almennings að svæðinu til útivistar verði tryggt. Jafnframt telur Umhverfisstofnun að með friðlýsingu svæðisins séu ákvæði 3. og 52. gr. náttúruverndarlaga uppfyllt.

Varðandi athugasemdir um að ákvæði náttúruverndarlaga um fólkvanga (52. gr.) og náttúruvætti (48. gr.) séu í beinni mótsögn við stækkun golfvallar inn í hraunið og fyrirhugaðan fólkvang í nágrenni náttúruvætta vísar Umhverfisstofnun til umfjöllunar hér að ofan og bendir jafnframt á að ekki sé verið að vinna að friðlýsingu svæðisins skv. 48. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að staðsetning fólkvangs með golfbrautum í nálægð við svæði sem friðlýst er sem náttúruvætti líkt og Búrfellssvæðið er í þessu tilfelli, rýrir ekki verndargildi aðliggjandi friðlýsts svæðis sem náttúruvætti.

Varðandi athugasemdir um að friðlýsa skuli Búrfellshraun í heild sinni en ekki í bútum sem ýmist náttúruvætti eða fólkvangar þá bendir Umhverfisstofnun á að verndarflokkar fara eftir svæðum og notum þeirra en komi til þess að friðlýstu svæðin sem um ræðir verið sameinuð og notkun þeirra samræmd telur Umhverfisstofnun vert að skoða þá hugmynd um sameiginlega og heildstæða friðlýsingu svæðanna.

Varðandi spurningu um það hvort mismunur á friðlýsingarskilmálum Búrfellshrauns annars vegar og fólkvangsins hins vegar sé til að opna fyrir röskun á Urriðakotshrauni þá bendir Umhverfisstofnun á að í auglýsingu um

áform um friðlýsingu lágu friðlýsingaskilmálar fyrir fólkvang í Urriðakotshrauni ekki fyrir. Friðlýsing svæðisins sem fólkvangs geti ekki með nokkru móti opnað fyrir röskun á hrauninu.

Hvað varðar athugasemd um að nauðsynlegt sé að taka miklu lengra og stærra samtal og móta heildstæða stefnu fyrir Heiðmörk og græna kragann sem umlykur höfuðborgarsvæðið bendir Umhverfisstofnun á að það er ekki hlutverk stofnunarinnar að vinna slíka stefnu heldur er það á verksviði þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Varðandi athugasemd Landverndar þess efnis að lýsingin á svæðinu á heimasíðu Umhverfisstofnunar sé ekki í samræmi við það kort sem birt var á kynningartíma áforma um friðlýsingu og að stjórn Landverndar telji mikilvægt að allar forsendur fyrir friðlýsingu séu skýrar bendir Umhverfisstofnun á að um mistök voru að ræða í textanum á heimasíðu svæðisins og var hann leiðréttur um leið og ábending Landverndar barst stofnuninni. Umhverfisstofnun telur allar forsendur fyrir friðlýsingu vera skýrar og vísar til umfjöllunar hér að ofan.

Hvað varðar athugasemd Landverndar um að það hafi vakið eftirtekt að Urriðakotshraun var ekki hluti af friðlýsingu Búrfellshrauns eins og eðlilegt hefði verið með hliðsjón af landfræðilegri legu og að engar skýringar hafi komið fram um þá ákvörðun bendir Umhverfisstofnun á að beiðni Garðabæjar um friðlýsingar í sveitarfélaginu bárust Umhverfisstofnun í janúar 2019. Í þeirri beiðni óskar Garðabær m.a. eftir því við Umhverfisstofnun að unnið verði að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár annars vegar og Urriðakotshrauns sem fólkvangs hins vegar. Við undirbúning friðlýsingar Búrfellssvæðisins óskuðu landeigendur Urriðakotshrauns eftir því að friðlýsing Búrfellssvæðisins myndi ná norðar inn á land Urriðakotshrauns en fyrirhugað var þannig að hluti Urriðakotshrauns fellur undir friðlýsingu Búrfellssvæðisins. Var sú friðlýsing m.a. unnin í samstarfi við landeigendur Urriðakotshrauns og Garðabæ. Landeigendur og Garðabær hafa hins vegar, eins og áður segir, óskað eftir því að sá hluti Urriðakotshrauns sem liggur norðan Búrfellssvæðisins verði friðlýst sem fólkvangur þar sem auðvelda á almenningi aðgang að náttúru í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu þar sem meðal markmiða friðlýsingar er verndun hraunsins og náttúrulegs gróðurfar þess.

Varðandi athugasemd um að fólkvangsfriðlýsing veiti svæðinu alls ekki nægilega vernd en sé fremur leyfisveiting fyrir mannvirkjaáformum sveitarfélags og eigenda vísar Umhverfisstofnun til umfjöllunar hér að ofan og bendir jafnframt á að friðlýsing geti aldrei talist til leyfisveitingar að nokkru tagi. Á friðlýstum svæðum eru allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan þeirra háðar leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarfélags sbr. skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 og verður svo háttað í Urriðakotshrauni.

Hvað varðar þá athugasemd um að það sé mótsagnakennt og í hróplegu ósamræmi að Umhverfisstofnun standi að grænþvotti með lágmarks

fólksvangsfriðlýsingu fyrir náttúru og almanniheill á sama tíma og stofnunin blessi deiliskipulagsbreytingar sveitarfélags og eigenda sem fela í sér golfvallargerð í Urriðakotshrauni í þágu afmarkaðs hagsmunahóps sem nýtur hluta úr ári vísar Umhverfisstofnun til umfjöllunar hér að ofan. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að stofnunin blessar ekki deiliskipulagsbreytingar heldur veitir stofnunin umsögn um skipulagsáætlanir sveitarfélaga skv. 68. gr. náttúruverndarlaga.

Varðandi athugasemdir um efni og mat í skýrslum Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi málið þá bendir Umhverfisstofnun á að það er ekki hlutverk stofnunarinnar að svara fyrir gagnrýni á störf Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Skógrækt

Í erindi Skógræktarinnar kemur fram að enn sé nokkuð óljóst hvort og þá hvaða áhrif áformin munu hafa á skógrækt innan marka friðlýsingartillögunnar. Einnig hvetur Skógræktin Garðabæ og Umhverfisstofnun til þess að hlúa að öllum gróðri á svæðinu en þar sé að finna nokkrar trjátegundir og lággróður. Umrætt svæði sé þétt upp við byggð og önnur mannvirki og beri þegar keim af því. Fólkvangar séu oft í jaðri þéttbýlisstaða og vinsæl svæði til útivistar og getur sígrænn trjágróður aukið á útivistargildi svæðisins, ekki síst yfir vetrarmánuðina. Nálægð við þéttbýli og gott aðgengi gerir svæðið einnig ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

Í erindi Kristínar og Auðar kemur fram að þær telji að ekki sé hægt að tala um skógrækt sem ógn á útivistarsvæði Græna kragans.

Svar Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að Græni kraginn nær til stærra svæðis en fyrirhuguð friðlýsing Urriðakotshrauns og stefnumótun hans er ekki á höndum stofnunarinnar heldur þeirra sveitarfélaga sem koma að honum. Einnig bendir stofnunin á að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum og á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Hraunmyndanir í fyrirhuguðum fólkvangi falla undir umrætt ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd sem reglugerðin vísar til. Í ljósi þessa er ekki fyrirhugað að friðlýsing svæðisins muni veita undanþágur frá ákvæðum reglugerðarinnar og náttúruverndarlaga vegna skógræktar. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að meðal markmiða með friðlýsingu svæðisins er að hlúa að náttúrulegu gróðurfari svæðisins og tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota.

Við undirbúning tillögu að friðlýsingu svæðisins fundaði Umhverfisstofnun með Skógræktarfélagi Reykjavíkur til að útfæra aðkomu, afmörkun og hlutverk Skógræktarfélags Reykjavíkur innan fólkvangsins.

Vegagerð, stígar og raflínur

Í erindi Hafnarfjarðarbæjar er vísað í svæðisskipulag 2015-2040 fyrir höfuðborgarsvæðið varðandi það að meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru og að sveitarfélögin þurfi að taka frá rými í sínum skipulagsáætlunum fyrir mögulegar tilfærslur þessara meginstofnvega og þar er m.a. talað um tengingu Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu. Vísað er í kort 4 á bls. 49 í svæðisskipulaginu. Telur Hafnarfjarðarbær að við fyrirhugaða friðlýsingu þurfi að huga að þeim meginstofnleiðum sem fjallað er um í aðalskipulagi höfuðborgarsvæðisins og hvernig friðlýsingin muni rúmast innan þess ramma sem fram kemur í svæðisskipulaginu. Óskar Hafnarfjarðarbær eftir frekara samráði og nánari nánari upplýsingum um þessa friðlýsingu þar sem um stórt hagsmunamál er að ræða. Einnig áskilur bærinn sér rétt til að koma með nánari athugasemdir og ábendingar við frekari vinnslu þessa máls.

Í kjölfar samtals Umhverfisstofnunar við Hafnarfjarðarbæ áréttar Hafnarfjarðarbær það með tölvupósti til Umhverfisstofnunar að það verði tryggt með einhverjum hætti að tekið verði tillit til þess að taka þurfi frá landrými til þess að koma þessum tengingum fyrir.

Í erindi Vegagerðarinnar er tekið fram að Elliðavatnsvegur liggja um svæðið og að hann sé einn af svokölluðum skilavegum sem eiga að falla til sveitarfélaga í árslok 2020. Vegurinn sé mikilvægur fyrir samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og að Vegagerðin hefur lagt áherslu á að hann verði fær til gegnumaksturs og að mögulegt verði að byggja hann upp standi vilji til þess síðar. Jafnframt kemur fram að takmarkanir á umferð um Elliðavatnsveg geti haft áhrif á umferð um Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarveg. Leiðin sé jafnframt mikilvæg hjáleid varðandi rýmingu höfuðborgarsvæðisins og er aðkoma viðbragðsaðila mikilvæg til að móta framtíð þessa vegar. Vegagerðin óskar eftir samstarfi um heimildir til framkvæmda við veginn innan friðlýsts svæðis eða að friðlýsta svæðið takmarkist af mögulegri breikkun vegarins. Jafnframt telur Vegagerðin mikilvægt að Almannaþingurinn og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu komi að þessu máli.

Í erindi Hestamannafélagsins Spretts er bent á að um svæðið liggur reiðstígur frá Elliðavatnsvegi til austurs í Hjalladal. Krafa hestamanna er að tillit verði tekið til þessa við gerð friðlýsingarskilmála fyrir svæðið. Jafnframt bendir félagið á að breyting á aðal- og deiliskipulag svæðisins stendur yfir hjá Garðabæ þar sem gert er ráð fyrir reiðstíg úr Vífilsstaðahlíð að Gráhelluhrauni í Hafnarfirði, reiðstíg sem kemur í stað reiðstígs um Urriðaholt meðfram Elliðavatnsvegi sem var aflagður árið 2019. Hestamannafélagið Sprettur fer fram á að tillit verði tekið til þessa við gerð friðlýsingarskilmála fyrir svæðið.

Í erindi Bjarna er farið þess á leit að hlífa hrauninu við lagningu göngustíga. Einnig er tekið fram að göngustígar, sérstaklega sem eru malbikaðir, falli stundum illa að ósnortinni náttúru. Sums staðar hafi svæði verið vernduð og svo dregið í stígum eins og til stendur að gera í Öskjuhlíð svo dæmi sé tekið. Göngustígar eru líka mannvirki allt eins og virkjanir.

Í erindi Kristínar og Auðar kemur fram að þær telja að á svæðinu ætti að vera metnaðarfullt göngustígakerfi með náttúruvernd að leiðarljósi á vegum allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Svar Umhverfisstofnunar

Varðandi erindi Hafnarfjarðarbæjar hafði Umhverfisstofnun samband við Hafnarfjarðarbæ til að fara yfir staðsetningu legu tengingar Reykjanesbrautar ofan byggðar í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem vísað er til í athugasemdum Hafnarfjarðarbæjar. Samkvæmt aðalskipulaginu liggur tengivegurinn (sk. ofanbyggðavegur) ekki um það svæði sem fyrirhuguð friðlýsing nær til og gildandi aðalskipulag Garðabæjar gerir heldur ekki ráð fyrir öðrum vegi en þeim sem nú liggur norðan þess svæðis sem fyrirhuguð friðlýsing nær til. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun að umrædd friðlýsing hamli ekki uppbyggingu vegakerfis utan svæðisins.

Varðandi erindi Vegagerðarinnar bendir Umhverfisstofnun á að umrædd friðlýsing mun ekki hafa áhrif á umferð á Elliðavatnsvegi. Jafnframt koma friðlýsingar almennt ekki í veg fyrir eðlilegt viðhald innviða á friðlýstum svæðum. Hvað varðar framkvæmdir á svæðinu vegna vegagerðar að þá eru framkvæmdir á friðlýstum svæðum almennt háðar leyfi sveitarfélags og Umhverfisstofnunar og verður svo háttað til á þessu svæði. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru upplýst um áform um friðlýsingu svæðisins og mun Umhverfisstofnun bæta Almannavörnum lista yfir hagsmunaaðila um friðlýsingu svæðisins að beiðni Hafnarfjarðarbæjar.

Varðandi erindi Hestamannafélagsins Spretts bendir Umhverfisstofnun á að vinna við deiliskipulag svæðisins sem fyrirhugað er að friðlýsa er unnin samhliða undirbúningi friðlýsingarinnar. Jafnframt er Garðabær að vinna að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem m.a. er fjallað um stíga á svæðinu. Gert er ráð fyrir að umferð ríðandi í fyrirhugðum fólkvangi verði heimil á reiðstígum sem skilgreindir verða í skipulagi svæðisins.

Varðandi erindi Bjarna bendir Umhverfisstofnun á að uppbygging stíga á svæðinu fer eftir deiliskipulagi sem unnið er samhliða undirbúningi friðlýsingarinnar. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að Öskjuhlíð er ekki friðlýst svæði og ekki í umsjón stofnunarinnar.

Hvað varðar erindi Kristínar og Auðar þá bendir Umhverfisstofnun á að Garðabær vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem m.a. er verið að vinna í endurskoðun stíga og reiðvega í upplandi Garðabæjar.

Annað

Í erindi Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hafi gert úttekt á svæðinu á sínum tíma og telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við tillöguna á þessu stigi. Stofnunin vísar til úttektarinnar og áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir þegar friðlýsingaskilmálar fyrir svæðið verða kynntir.

Í erindi Kristínar og Auðar koma fram athugasemdir sem varða þörf á íbúáþingi til að móta framtíðarsýn fyrir Græna kragann, tilhögun vinnslu skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands og deiliskipulagsbreytingar vegna tengingar við Urriðaholtsskóla. Þar sem umræddar athugasemdir snerta ekki fyrirhuguð áform um friðlýsingu svæðisins og falla ekki undir hlutverk Umhverfisstofnunar verður ekki tekin afstaða til þeirra hér.

Landsnet vekur athygli á að um svæðið liggja línur Landsnets, þ.e. Hamraneslínur 1 og 2 og Hnoðraholtslína1. Í undirbúningi séu framkvæmdir sem miði að því að taka niður Hamraneslínurnar. Umhverfisstofnun telur að umræddar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á undirbúning friðlýsingarinnar og muni hafa jákvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

UST202001-147/IMB
09.03.